

**616. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 8. ágúst 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Lilja Magnúsdóttir (LM), Marinó Bjarnason (MB), Magnús Óskar Hálfðánsson (MÓH) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun, svo var ekki og oddviti lýsir fund 616 lögmætan.

Aðalfulltrúarnir Jóhann Örn Hreiðarsson og Jón Ingi Jónsson boðuðu forföll á fundinn og sátu varafulltrúarnir Marinó Bjarnason og Magnús Óskar Hálfðánsson fundinn í þeirra stað.

Dagskrá:

1. Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps - 2205206

Viðauki við Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps ásamt tilheyrandi breytingum á samþykktinni vegna breytinga á velferðarþjónustu. Lagt fram til fyrri umræðu.

Samþykkt samhljóða að vísa viðauka við Samþykkt um stjórn Tálknafjarðarhrepps ásamt breytingum á samþykktinni til síðari umræðu í sveitarstjórn.

2. Lántaka 2023 - 2308027

Minnisblað frá sveitarstjóra dags. 04.08.2023 þar sem kemur fram tillaga um lántöku vegna framkvæmda á árinu 2023.

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps samþykkir hér með með fjórum atkvæðum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 60.000.000,- kr. til 16 ára. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna þegar samþykktar framkvæmdir á vegum sveitarfélagsins svo sem endurnýjun lagna í vatns- og fráveitu, framkvæmdum við mötuneyti í Tálknafjarðarskóla og fleiri verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er sveitarstjóra, Ólafi Þór Ólafsson kt. 300572-5379 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Tálknafjarðarhrepps að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

MB situr hjá við afgreiðslu málsins.

3. Starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar - 2304095

Minnisblað frá sveitarstjóra vegna starfs forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða tillögu sveitarstjóra um að auglýstur verði

framlengdur umsóknarfrestur um starf forstöðumanns Íþróttamiðstöðvar Tálknafjarðar til fimmtudagsins 17.08.2023.

4. Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands 1-3 september - 2307391

Erindi frá undirbúningsnefnd vegna aðalfundar Skógræktarfélags Íslands 2023 dags. 01.07.2023. Aðalfundurinn verður haldinn á Patreksfirði 01.09.2023-03.09.2023.

Afgreiðslu málsins er frestað til næsta fundar.

5. Framkvæmdir 2023 - 2303171

Uppfært minnisblað um stöðu framkvæmda á vegum Tálknafjarðarhrepps árið 2023.

Lagt fram.

6. Fundadagatal 2023-2024 - 2308028

Drög að fundardagatali nefnda á vegum Tálknafjarðarhrepps fyrir veturinn 2023-2024.

Samþykkt samhljóða að visa drögum að fundardagatali 2023-2024 til umföllumur í nefndum á vegum Tálknafjarðarhrepps.

7. Símanúmer hjá Tálknafjarðarhreppi - 2304031

Upplýsingar um símanúmer hjá stofnunum Tálknafjarðarhrepps eftir nýlegar breytingar.

Lagt fram.

8. Samgönguáætlun 2024-2038 - 2306329

Umsögn Tálknafjarðarhrepps dags. 31.07.2023 um drög að samgönguáætlun 2024-2038.

Lagt fram.

9. Ársreikningur Minjasafns Egils Ólafssonar 2022 - 2306344

Ársreikningur minjasafns Egils Ólafssonar 2022.

Mál frá 67. fundi Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.03.2023.

Lagt fram.

10. Grænbók um skipulagsmál - 2308001

Grænbók um skipulagsmál frá innviðaráðuneytinu dags. í júlí 2023. Grænbókin liggur frammi í skipulagsátt stjórnvalda og er umsagnarfræstur um hana til 24.08.2023.

Samþykkt samhljóða að visa Grænbók um skipulagsmál til umföllumur í skipulagsnefnd Tálknafjarðarhrepps.

11. Svæðisbundin flutningsjöfnun - 2308005

Áform um breytingar á lögum um svæðisbundna flutningsjöfnun, mál frá

Innviðaráðuneytinu nr. 141/2023. Málið liggur frammi í skipulagsátt stjórnvalda og er umsagnarfræstur um hana til 18.08.2023.

Lagt fram.

12. Ársskýrsla Persónuverndar 2022 - 2306368

Ársskýrsla Persónuverndar fyrir árið 2022.

Lagt fram.

13. Ársfundur náttúruverndarnefnda 2023 - 2307385

Erindi frá Umhverfisstofnun dags. 05.07.2023 þar sem boðað er til ársfundar náttúruverndarnefnda 2023. Fundurinn fer fram á Ísafirði 12.10.2023.

Lagt fram.

14. Lausaganga búfjár - 2307388

Erindi frá Bændasamtökum Íslands dags. 06.07.2023 varðandi lausagöngu/ágangs búfjár.

Lagt fram.

15. Kvennaráðgjöfin - 2307402

Erindi frá Kvennaráðgjöfinni dags. 18.07.2023 varðandi stafsemi hennar árið 2023.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu til næsta fundar sveitarsjórnar.

16. ADHD samtökin - 2308014

Erindi frá ADHD samtökunum dags. 02.08.2023 þar sem óskað er samstarfi við Tálknafjarðarhrepp vegna starfsemi samtakanna.

Samþykkt samhljóða að fresta afgreiðslu til næsta fundar sveitarsjórnar.

17. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2023 - 2301025

Upplýsingagjöfin rædd.

18. Fundargerðir Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps 2023 - 2308029

Fundargerð 67. fundar Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 28.06.2023.

Lagt fram.

19. Fundargerðir Sambands íslenskra sveitarfélaga 2023 - 2301063

Fundargerð 931. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fór fram 22.06.2023.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.
Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:14.

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Marinó Bjarnason (MB)

Magnús Óskar Hálfhásson (MÓH)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)